

## Nefndarálit

um till. til þál. um aukið samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Nefndinni bárust umsagnir frá Iðjuþjálfafélagi Íslands, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, heilsugæslunni í Reykjavík, Heilbrigðisstofnun Akraness, heilsugæslustöðinni á Akureyri, Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Landssambandi eldri borgara, Heilbrigðisstofnun Hólmavíkur, Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar, Heilbrigðisstofnun Austurlands og Tryggingastofnun ríkisins.

Nefndin tekur undir tillögugreinina sem og þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með henni. Nefndin telur að efni tillögunnar sé framlag til vinnu á vegum heilbrigðisráðherra um þróun og breytingar á skipulagi og verkefnum heilsugæslunnar.

Með hliðsjón af fyrrgreindu leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Ólafur Örn Haraldsson, Einar Oddur Kristjánsson og Lára Margrét Ragnarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. apríl 2002.

Jónína Bjartmarz,  
form., frsm.

Katrín Fjeldsted.

Ásta Möller.

Ásta R. Jóhannesdóttir.

Margrét Frímannsdóttir.

Þuríður Backman.